

Nd.

261. Nefndarálit

nm flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndinni berast ávallt kröfur nm aukinn styrk til flóabáta. Þessar kröfur um aukinn styrk stafa sumpart af því, að á stríðsárinnum og nokkuð lengi eftir stríðið vorn þessar flóaferðir reknar með stórtapi, og eru fyrirtæki þessi víðast hlaðin skuldum. Af sömum ástæðum er það, að á nokkrum stöðum eru farkostir óhentugir, ófullkomnir og of dýrir í rekstri. Verður vart hjá því komizt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með styrk til kaupa á nýjum bátum, t. d. á Ísafjarðardjúpi og Breiðafirði.

Nefndin gerir þó engar tillögur í þessu efni nú, því undirbúningur í hérndunum er ekki svo fullkominn, að tiltækilegt þyki að bera fram ákveðnar tillögur.

Flateyjarbátur hefir haft 12 þús. kr. kostnað við kaup á nýrri vél. Í fjárl. 1930 er veittur 1000 kr. styrkur tilkaupa á vélinni. Austur-Barðastrandar-sýsla leggur fram 2000 kr., og vill nefndin fallast á að veita nú 1000 kr., þannig, að tillag ríkissjóðs verði jafnt tillagi sýslunnar.

Nefndin leggur til, að varið verði til flóabáta og annara bátaferða árið 1931 91000 kr. og styrknum skipt þannig:

1. Borgarnesbátur, enda fari hann 10 ferðir til Breiðafjarðar	31000 kr.
2. Djúpbaturinn	19000 —
3. Hornafjarðarbátur	7000 —
4. Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu, þar af 800 kr. til Örnefinga	2500 —
5. Til millilandaskips, með viðkomum við Rangársand (Hallgeirsey), Vik, Skaftárós og Hvalsíki	4000 —
6. Rangársandsbátur	900 —
7. Hvalfjarðarbátur	1500 —
8. Rauðasandsbátur, enda sé styrknum varið í þágu Rauðsendinga...	500 —
9. Mýrabátur	300 —
10. Langeyjarnesbátur	300 —
11. Lagafljótsbátur... ..	1000 —
12. Eyjafjarðarbátur... ..	15000 —
13. Flateyjarbátur	7000 —
Sami upp í kostnað við kaup á nýrri vél... ..	1000 —
Alls ...	91000 kr.

Þvi miður hafa nefndinni ekki borizt skýrslur þær um starfsemi flóabátanna, sem nefndin telur afarmikils um vert að fyrir liggi, til þess að hægt sé að dæma um af fullri þekkingu, hvort nauðsyn sé aukinna ferða og þá aukins styrks, eða úr megi að skaðlausu draga. Aðeins frá tveim bátafélögum, Djúpbátunum og Flateyjarbátunum, hafa nefndinni borizt reikningar og áætlanir.

Þar sem nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé, að stjórn og þing fái fulla vitneskju um störf þau, sem innt eru af hendi af þeim, sem annast flóa-bátaferðir, þá vill nefndin gera það að tillögu sinni, að stjórnin borgi ekki síðasta fjórðung styrksins, fyrr en henni berast þessi skilríki: Rekstrar- og efnahags-reikningar, fargjalds- og farmgjaldsskrár, ferðaáætlanir og skýrsla um flutnings-magn, svo og tölu farþega. Þetta á aðeins við um hina stærri báta.

Nefndin hefir borið tillögur sínar um skiptingu styrksins og styrks-upphæðina undir formann samgöngumálanefndar efri deildar, og samþykkir hann tillögur nefndarinnar.

Alþingi, 11. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson,
formaður.

Hannes Jónsson,
fundaskrifari.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Jón A. Jónsson,
frsm.

Hákon Kristófersson.